

Því dæmist rjett að vera:

Hin að framan umræddu og ákærðu ummæli aðal-
áfrýjandans, kandidats philos. Skapta Jósepssonar,
í blaðinu Norðlingi, nr. 16, er útkom 21. janúar-
mánaðar 1876, um gagnáfrýjandann Berg amtman
Thorberg eiga að vera dauð og marklaus; svo ber
aðaláfrýjandanum og að greiða 50 króna sekt í
landssjóð, en greiði hann hana eigi í ákveðinn
tíma, skal hann sæta einföldu fangelsi í 15 daga.
Auk þessa greiði hann allan af máli þessu löglega
leiðandi kostnað fyrir báðum rjettum, eins og það
eigi hefði verið gjafsóknarmál, og þar á meðal til
hinna skipuðu svaramanna amtmanns Bergs Thor-
bergs, fyrir yfirdóminum Guðmundar málaflut-
ningsmanns Pálssonar 20 krónur, og fyrir undir-
dóminum Eiríks bónda Halldórssonar 10 krónur.—
Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. októbermán.

Nr. 22/1877: Halldór yfirkennari Friðriksson
gegn
Skapta ritstjóra Jósepssyni.
Dómur.

Í blaðinu Norðlingi, nr. 26, dags. 20. apríl 1876,
var ritgjörð með yfirskript: «Svar frá ritstjóra Norðlings
til yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar», er áleit að inni-
hald ritgjörðar þessarar væri ærumeiðandi fyrir sig, og
höfðaði þess vegna mál fyrir bæjarþingsrjetti Akureyrar
gegn ritstjóra blaðsins kand. Skapta Jósepssyni, er var

dæmt þann 1. marz þ. á., og var ritstjórinn með dómi þessum dæmdur frí fyrir ákærum stefnandans, og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú yfirkennari Halldór Friðriksson áfrýjað, og krafizt þess, að hinn stefndi ritstjóri Skapti Jósefsson verði dæmdur til hæfilegrar sektar, málskostnaðar útláta fyrir báðum rjettum, og hin átöluðu ærumeiðandi orð dæmd dauð og marklaus. Áfrýjandinn hefur tekið fram, að það sje varla of hermt, þó að sagt sje, að öll ritgjörð þessi sje samanhangandi keðja af meiðyrðum, og að allur blær hennar eða andi lýsi svo greinilega, sem unnt er, að stefndi hafi ætlað sjer að ærumeiða hann.

Hann tekur fram sem ærumeiðandi einkum þessi orðatiltæki:

- «Staðfasta þjóðfjanda vorn í fjárkláðamálinu H. K. Friðriksson».
- «Vondra last ei veldur smán, en vondra lof er heiðurs rán».
- «B. Sveinsson vildi fyrir engan mun fegra vonzku hans».
- «Þótt Halldór ráðist með ósóma sínum á mig».
- «Óhætt að fullyrða, að Halldór hefur ofsótt og ofsækir enn hvern þann mann, er vill og reynir til að losa þjóð sína frá þeim vöðalega skaða og skömm, er hann sjálfur, þessi alræmdi kláðakóngur, hefur bakað henni með atferli sínu í kláðamálinu bæði leynt og ljóst».
- «Hver sá, er þekkir Halldór, eða hefur lesið ósómamann hans, hann Hirði sál, hann þekkir fyllilega, hversu Halldór er hrokafullur, óskammfeilinn og ósannorður».
- «Hann er jafnframt slægur sem höggormur, og bæði augljós og sakfelldur rögburðarmaður».

- «Dæmdur og sektaður rógburðar- og fjölmælismaður».
- «En það má nærri geta, að slíkur maður, sem Halldór er, getur ekki tekizt trúanlegur um eitt einasta atriði í því, er hann sjálfur fjasar um mál sitt».
- «Halldóri róg mun því aldrei takast að bía hann (o: Jón ritara Jónsson) eða svarta».
- «Hvert mannsbarn á Íslandi þekkir mannskepnuna hann «Dóra» að því, að engu orði hans er trúandi í kláðamálinu».
- «Að verðungu hataður og fyrirlitinn», og að lokum stefin, er ritgjörðinni lýkur:
- «Flá er þjer tunga o. s. frv.»

Hinn stefndi hefur þar á móti hjer fyrir rjettinum gjört þá aðalrjettarkröfu, að hann verði frí fundinn fyrir öllum kærnum og kröfum sækjandans, sem og af málskostnaðar útlátum, og til vara hefur hann enn fremur krafizt þess, að hann verði frí dæmdur af öllu sektargjaldi, og að eins látinn greiða sanngjarnan málskostnað.

Í málsvörn sinni í hjeraði hefur hinn stefndi tekið fram, að hann einungis álitir sjer skylt, að svara til einstakra af þeim ofan greindu atriðum, sem tekin hafa verið fram í kæruskjali tilsáttanefndar og stefnu í hjeraði, en við þetta er að athuga, að í skjölum þessum er þeinlínis öll greinin tiltekin sem málsefni, og stefnt fyrir illmæli og meiðyrði í greininni, og tekið fram til útlistunar, að áfrýjandinn sje þar auk annars nefndur «staðfastur þjóðfjandi» «hrokafullur og ósannorður,» að hann sje «augljós og sakfelldur rógburðarmaður og fjölmælismaður m. m.» Í þessu er að rjettarins álitir innfalið sjerhvert það kæratriði, er áfrýjandinn hefur lagt stefnda til sakar.

Sjer til málsbóta hefur hinn stefndi talið, að í því að hann hafi kallað áfrýjandann sakfelldan rógburðarmann, liggi ekki annar áburður, en að ósönn óhróður-saga hafi verið borin milli tveggja eða fleiri til þess að spilla málum, en að svo hafi verið í þessu tilfelli, hefur hann viljað sanna með því að leggja fram undir- og yfirjettardóm í máli einu, í hverju áfrýjandinn hefur verið dæmdur til sekta fyrir meiðandi orð. En að orð áfrýjandans í þessu máli hafa valdið honum sekta fyrir meiðyrði við þriðja mann, getur alls eigi heimilað stefnda rjett til þeirrar sakargiptar, að áfrýjandinn sje rógburðarmaður, enda fellur enn fremur slíkt athæfi alls eigi saman við það, sem eptir hinum fram lögðu dómum hefur valdið áfrýjandanum sekta. Hinn stefndi fer þar næst því fram, að hann með því að nefna áfrýjandann hinn staðfasta þjóðfjanda í fjárkláðamálinu, einungis hafi brúkað orðið þjóðfjandi í þýðingu þess sem móttöðumaður, og sje áfrýjandanum því ekki gengið of nærri, hið sama sje og um orðin, «hversu» áfrýjandinn «sje hrokafullur, óskammfeilinn og ósannorður». Þar með sje alls eigi lýst því, að hann sje svo, en einungis vitnað til lesandanna, að þeir þekki, «hversu», það er, hvort og að hve miklu leyti áfrýjandinn hafi þessa ókosti til að bera eða ekki. Sá áburður og öll sú lýsing, sem hinn stefndi hefur valið áfrýjandanum, er svo, að þó að stefndi kunni sjálfur að álíta hana rjetta, þá getur það alls eigi veitt honum nokkurt til- efni til að fara svo ærumeiðandi orðum og ókvæðis- miklum orðum um áfrýjandann, eins og hann hefur gjört og þeim engan stað fundið. Hjeraðsdóminn, er hefur sýknað hinn stefnda án ástæðu, er á verði fallizt, verður því að fella úr gildi, og öll hin ákærðu orð að dæma dauð og marklaus; svo ber og hinum stefnda fyrir afbrot sitt, er eptir kröfu áfrýjanda ber að heim-

færa undir hegningarlaganna 219. gr., að greiða 120 kr. sekt til landssjóðs, eða ef öll sektin eigi er borguð í ákveðinn tíma, sæta 36 daga einföldu fangelsi; svo ber honum og að borga allan málskostnað fyrir báðum rjettum eptir fyrirælum um gjafsóknarmál, þar á meðal til hinna skipuðu málsfærslumanna, fyrir undirrjettinum Eiríks Halldórssonar 16 kr., og fyrir yfirrjettinum Guðm. Pálssonar 25 kr.

Að því leyti mál þetta fyrir undir- og yfirrjetti hefur verið gjafsóknarmál, vottast, að flutningur þess hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Þau að framangreindu fyrir áfrýjandann Halldór yfirkennara Friðriksson ærumeiðandi orð í blaðinu Norðling, nr. 26, dags. 20. apríl 1876, eiga dauð og marklaus að vera, og ber hinum stefnda, Skapta ritstjóra Jósepsyni, að greiða 120 króna sekt, er til fellur landssjóði, eða ef öll sektin ei er greidd í ákveðinn tíma, sæta 36 daga einföldu fangelsi. Svo ber hinum stefnda og að greiða allan löglegan kostnað af máli þessu fyrir yfir- og undirrjetti, eins og það eigi hefði verið gjafsóknarmál, þar á meðal til hinna skipuðu málsfærslumanna áfrýjandans í hjeraði og fyrir yfirdóminum, Eiríks Halldórssonar og Guðm. Pálssonar, 16 krónur til hins fyrnefnda og 25 kr. til hins síðarnefnda.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá hans löglegru birtingu undir aðför að lögum.